



Velkomin á
fjölskyldudag í Gróttu

Laugardaginn 29. apríl
kl. 13.30-15.30



SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is



Fjölskyldudagur í Gróttu 29. apríl 13.30 – 15.30

Ein traustasta vísbending þess að sumarið sé á næsta leiti er hinn árlegi **fjölskyldudagur í Gróttu**, sem að þessu sinni verður haldinn hátíðlegur **laugardaginn 29. apríl frá kl. 13:30-15:30**. Tímasetning Gróttudagsins er breytileg frá ári til árs, sem helgast af flóði og fjöru, en aðeins er hægt að fara út í Gróttu tvisvar sinnum á sólarhring nokkra tíma í senn.

Gróttuviti opinn

Tréblásarakvartett frá Tónlistarskóla Seltjarnarness leikur lífflega balkantónlist í vitanum. Njótið útsýnisins.

Hönnunarsýningin Flæði í vitavarðarhúsinu

Á sýningunni getur að líta muni eftir **Bybibí, Dögg design, Gullsmiðir Erling – Helga Ósk, HAF studio, Skötu og Varpið**, en hönnun þeirra tengist á einn eða annan hátt hafinu og lífríki sjávarins. Sýningarstjórn er í höndum **Sigríðar Hjaltdal Pálsdóttur**.

Fjölbreytt dagskrá

Útijóga með **Ragnheiði Ýr Grétarsdóttur**.

Flugdrekasmiðja með **Ágústu Nielsen**.

Andlitsmálun fyrir börnin.

Porkell Heiðarsson líffræðingur og sviðsstjóri Fjölskyldu- og húsdýragarðsins aðstoðar gesti við að **rannsaka** og greina lífríkið sem finna má í fjörunni við Gróttu.

Valgeir Guðjónsson flytur vel valin lög í Fræðasetrinu.

Bjarki Harðarson, þenur nikkuna undir berum himni.

Vöfflukaffi sem **Soroptimistar á Seltjarnarnesi** sjá um.

Ef veður og vindar leyfa munu hreystimenni úr **Björgunarsveitinni Ársæli** sýna sjóbjörgun fyrir utan Gróttu og **klifurmeistarar** úr **Klifurhúsinu** klífa niður vitann og bregða á leik.

Félagar úr **Björgunarsveitinni Ársæli** munu sjá um að ferja gesti yfir eiðið.

Í Albertsbúð verður sumri fagnað með vorsöngvum, harmónikkuleik og stuttri hugvekju í umsjá sr. **Bjarna Þórs Bjarnasonar** og **Friðriks Vignis Stefánssonar**, organista. Stundin hefst kl. 13.15.

Opið er út í Gróttu frá kl. 13-16:30.

